

## **Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **23. febrúar 2016**

*Eyrún Magnúsdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Laugardals og Háaleitis*

#### Tillaga

Skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir því að grunnskólar í Reykjavík bæti kynfræðslu (ekki kynhræðslu) frá því í 6. bekk og til loka grunnskólans og fjölgi kynfræðslutímum.

#### Greinargerð

Of mikil áhersla er lögð á kynþroskafræðslu og svokallaðan hræðsluáróður í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Kynfræðsla á að leggja áherslu á heilbrigð samskipti kynjanna og því telur ungmennaráð Laugardals og Háaleitis að fjalla þurfi um allar hliðar kynlífs og að koma þurfi í veg fyrir ranghugmyndir um það. Ungmennaráðið óskar eftir því að SFS marki stefnu í kynfræðslumálum í félagsmiðstöðvum og skólum og hafi í huga að kynfræðsla ætti að vera sambærileg fyrir öll grunnskólabörn í Reykjavík.